

Hólmavíkurlínur 1 og 2.

# *ÁRSSKÝRSLA 2008*

**ORKUBÚ VESTFJARÐA ohf**

31. STARFSÁR



# EFNISYFIRLIT


*Stjórn og stjórnskipulag*........................... *3*
*Formáli*............................................ *4*
*Ávarp stjórnarformanns*.......................... *5*
*Helstu framkvæmdir 2008*....................... *6*
*Helstu framkvæmdir 2009*....................... *7*
*Íbúafjöldi á orkuveitusvæði O.V.*............... *8*

**Ársreikningur.............................. 9-25**

*Rannsóknarverkefni*.............................. *26-27*
*Raforkukerfi Vestfjarða*.......................... *28*
*Rekstrartruflanir*.................................. *29*
*Vatnsaflsvirkjanir*................................ *30*
*Kyndistöðvar*....................................... *31*
*Díselstöðvar*........................................ *32*
*Orkuöflun*........................................... *33*
*Orkusala 2008, meðalverð*....................... *33*
*Orkusala*............................................ *34*


**Skammstafanir**

| | | |
|---|---|---|
| kV | = kílóvolt | = 1.000 volt |
| kW | = kílówatt | = 1.000 wött |
| MW | = megawatt | = 1.000 kW |
| kVA | = kílóvoltamper | = 1.000 voltamper |
| MVA | = megavoltamper | = 1.000 kVA |
| kWh | = kílówattstund | = 1.000 wattstundir |
| MWh | = megawattstund | = 1.000 kWh |
| GWh | = gígawattstund | = 1.000 MWh |
| Gl | = gígalítrar | = 1.000 milljónir lítar |


Forsíðumynd: Þverárvirkjun
Baksíðumynd: Tenging spennistöðvar Stakkanesi
Ljósmyndir: Allar myndir teknar af starfsmönnum Orkubús Vestfjarða
Forsíða og baksíða: Ingimundur Pálsson starfsmaður Hólmavík

Umsjón: Orkubú Vestfjarða ohf.
Hönnun, umbrot og prentvinnsla: H-prent ehf.




Hnjótsheiði

# STJÓRN OG STJÓRNSKIPULAG

| | |
|---|---|
| Formaður: | Guðmundur Jóhannsson |
| Varaformaður: | Þorsteinn Jóhannesson |
| Ritari: | Grímur Atlason |
| | Kolbrún Sverrisdóttir |
| | Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir |
| | |
| Varamenn: | Sigmundur G. Sigurgeirsson |
| | Þórir Örn Guðmundsson |
| | Ragnheiður Hákonardóttir |
| | Birna Benediktsdóttir |
| | Finnbogi Kristjánsson |
| | |
| Orkubússtjóri: | Kristján Haraldsson |
| | |
| Framkvæmdastjórar: | |
| Fjármálasvið. | Sigurjón Kr. Sigurjónsson |
| Rafveitusvið. | Halldór V. Magnússon |
| Orkusvið. | Sölvi Rúnar Sólbergsson |
| | |
| Ábyrgðarmaður raforkuvirkja: | Ragnar Emilsson |





# *FORMÁLI*

Fyrir 20 árum var öllum langtímaskuldum létt af Orkubúi Vestfjarða nema lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna fyrirtækisins. Þá var jafnframt ákveðið að haga rekstri fyrirtækisins með þeim hætti að nýjar fjárfestingar yrðu kostaðar af eigin fé fyrirtækisins og ekki yrði stofnað til skulda með nýjum lántökum.

Þessari stefnu hefur verið fylgt alla tíð síðan og hefur hún leitt til þess að Orkubú Vestfjarða er ekki skuldsett fyrirtæki hvorki í innlendum né erlendum gjaldmiðli. Af þessum sökum hafa bankahrunið á liðnu hausti, háir vextir og veiking íslensku krónunnar ekki haft umtalsverð áhrif á afkomu fyrirtækisins.

Á starfstíma Orkubúsins hefur orkuverð á Vestfjörðum lækkað að raunvirði og er nú svo komið að verð samkvæmt almennum taxta er rúm 40% af því sem það var þegar Orkubúið hóf starfsemi sína. Stjórn Orkubús Vestfjarða hefur frá upphafi haft það að stefnumiði að halda orkuverði á Vestfjörðum eins lágu og nokkur kostur er og ekki gert kröfu um að fyrirtækið skilaði hagnaði og arði til eignaraðila.

Árið 2008 var gott ár fyrir rekstur Orkubús Vestfjarða og varð hagnaður af venjubundnum rekstri fjórða árið í röð. Framleiðsla vatnsaflsvirkjana Orkubúsins var yfir meðallagi og ekki urðu nein stærri rekstraráföll í flutningskerfum Orkubúsins.

Á árinu 2008 var 413,9 Mkr. varið til fjárfestinga, þar af voru tengigjöld og vinna greidd af öðrum 74,5 Mkr.. Stærsta verkefnið á rafveitusviði var plæging 19 kV háspennustrengs frá Hátungum á Steingrímsfjarðarheiði og niður í Ísafjarðardjúp að Nauteyri. Strengur þessi var spennusettur á haustdögum og var um merkan áfanga að ræða því þar með var rofin sú einangrun sem verið hafði í Djúpi og tenging þess við landskerfið orðin að veruleika.

Þá var rafskautsketill í kyndistöðinni á Ísafirði endurnýjaður með nýjum 1,2 MW túpukatli og unnið var að endurnýjun á fjargæslubúnaði fyrirtækisins. Af öðrum framkvæmdum má nefna endurbætur á dreifikerfi raforku í þéttbýli og dreifbýli, stækkun dreifikerfis hitaveitu og endurbyggingu ýmissa aðveitulína. Óvenju mikið var um lagningu nýrra heimtauga á árinu, bæði hefðbundnar sumarhúsatengingar og lengri strenglagningar til endurvarpsstöðva fjarskiptafyrirtækja. Lokið var við gerð útboðsgagna vegna endurnýjunar Mjólkárvirkjunar og útboðið auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Allar fjárfestingar voru kostaðar af eigin fé fyrirtækisins eða greiddar af þeim sem þeirra óskuðu.

Á árinu réðst fyrirtækið í áhættuverkefni sem var borun jarðhitaholu í Tungudal við Skutulsfjörð. Árangur af boruninni varð enginn. Borverkið kostaði um 180 Mkr. og veitti Orkusjóður lán til verksins að upphæð 102 Mkr. Lán þetta er heimilt að fella niður verði ekki árangur af boruninni. Óskað var eftir niðurfellingu lánsins í lok s.l. árs en Orkusjóður hefur ekki enn afgreitt þá ósk. Á grundvelli forsögu málsins og fyrirliggjandi gagna er gert ráð fyrir að lánið verði að fullu fellt niður og tekur framsetning ársreikningsins mið af því.

Heildarorkuöflun fyrirtækisins minnkaði um 0,3% frá fyrra ári og nam alls 247,2 GWh. Eigin orkuvinnsla var 100,2 GWh eða 40,5%, og orkukaup af Landsvirkjun, Sængurfossvirkjun, Dalsorku, Tunguvirkjun, Hvestuveitu og Funa voru 147 GWh eða 59,5% af heildarorkuöfluninni.

Orkusala jókst um 0,5 % frá fyrra ári og nam alls 220 GWh. Til hitunar voru seldar 145,3 GWh sem eru um 66% af heildarorkusölu fyrirtækisins. Á alla orkusölu, nema húshitun, er lagður 24,5% virðisaukaskattur. Á húshitun var lagður 7% virðisaukaskattur. Af virðisaukaskatti á húshitun eru 63 endurgreidd á veitusvæði Orkubúsins. Álagður skattur á húshitun er því 2,59% nettó.

Verðskrár Orkubús Vestfjarða voru hækkaðar 1. mars, verðskrá fyrir flutning og dreifingu raforku hækkaði um 6%, verðskrá fyrir raforkusölu hækkaði um 5% og verðskrá fyrir hitaveitur hækkaði um 5%. Þessu til viðbótar lækkaði verðskrá raforkusölu um 0,11 kr/kWh en verðskrá raforkudreifingar hækkaði um sömu upphæð. Þann 1. júlí hækkaði verðskrá raforkusölu um 6% og þann 1. ágúst hækkuðu verðskrár raforkudreifingar og hitaveitu um 6%.

Á árinu 2008 varð afkoma Orkubús Vestfjarða heldur betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstraráætlun ársins gerði ráð fyrir rekstrarhagnaði að upphæð 28 Mkr. en samkvæmt rekstrarreikningi varð hagnaður af venjubundnum rekstri fyrir skatta, sem nam um 108,7 Mkr., en þegar tekið er tillit til breytinga á tekjuskattsprósentu og bókfærðs tekjuskatts 2008 er hagnaður ársins um 57,8 Mkr.. Afskriftir námu alls 202 Mkr.. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2008 voru alls 5.125 Mkr. og heildarskuldir alls 672 Mkr. Eigið fé nam því alls 4.452 Mkr. sem er um 86,9 % af heildarfjármagni. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. hafa ekki verið endurmetnar.

Ársins 2008 verður minnst sem ársins þegar íslensku bankarnir féllu og efnahagur landsins varð fyrir þungu höggi. Þrátt fyrir áföll og brotsjói í efnahagslífi landsins siglir Orkubú Vestfjarða sterkt áfram, þökk sé varfærinni fjárfestingarstefnu og öllu því góða starfsfólki fyrirtækisins sem sinnir starfi sínu af metnaði alúð og trúmennsku

Kristján Haraldsson
orkubússtjóri

# ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Á árinu 2008 gerði Alþingi nokkrar breytingar á raforkulögum. Þær hafa m.a. í för með sér að frá 1. júlí 2009 þarf að aðskilja rekstur dreifiveitu frá rekstri virkjana og orkusölu þar sem fjöldi íbúa á dreifiveitusvæðum er 10.000 eða meiri. Íbúar á Vestfjörðum eru talsvert færri en það og því verður heimilt að reka núverandi starfsemi Orkubúsins áfram undir einum hatti.

Rekstur Orkubús Vestfjarða á árinu 2008 gekk vel og mun betur en rekstur flestra annarra orkufyrirtækja. Stafar það að miklu leyti af því að Orkubúið er nánast skuldlaust og hefur fjármagnað framkvæmdir sínar með eigin fé en ekki með lánsfé með tilheyrandi fjármagnskostnaði. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2008 nam hagnaður eftir skatta tæpum 58 Mkr. og er það fjórða árið í röð sem hagnaður er af rekstrinum.

Traust fjárhagsstaða gefur Orkubúinu ákveðið svigrúm við að skipuleggja framkvæmdir sínar. Á árinu 2009 verður lögð áhersla á vinnuaflsfrekar framkvæmdir og er það framlag fyrirtækisins til þess að sporna við atvinnuleysi. Á næstu árum þarf að endurnýja vélar við Mjólká en mikilvægt er að velja réttan tíma til þess, m.a. með tilliti til þróunar á gengi íslensku krónunnar.

Veltufé frá rekstri nam 362 Mkr. á árinu 2008 og rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti var 262 Mkr. Bókfærðar afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna námu 202 Mkr. Fjárfestingar námu 414 Mkr. á árinu en þar vógu þungt framkvæmdir við að tengja Ísafjarðardjúp við raforkukerfið.

Gerð var umfangsmikil leit að heitu vatni í Tungudal við Skutulsfjörð síðastliðið haust. Því miður fannst ekki heitt vatn. Kostnaður við leitina varð um 180 Mkr. Lán að fjárhæð 102 Mkr. fékkst frá Orkusjóði til verksins en iðnaðarráðherra hefur heimild til að fella það niður, þar sem enginn árangur varð af boruninni. Í ársreikningi 2008 er gert ráð fyrir niðurfellingu lánsins.

Mitt í efnahagsþrengingunum, sem íslenska þjóðin glímir við nú, er uppörvandi að vita til þess, að til eru fyrirtæki sem standa traustum fótum. Orkubú Vestfjarða er eitt þeirra. Starfsfólk Orkubúsins á vafalítið stærstan hlut í velgengni fyritækisins. Margt af starfsfólkinu hefur unnið lengi hjá fyrirtækinu og sýnt því mikla tryggð. Fremstur í flokki fer orkubússtjórinn en hann hefur í meira en þrjá áratugi staðið vaktina af miklum dugnaði og ósérhlífni.

Stjórn og starfsfólk Orkubúsins fær kærar þakkir fyrir gott samstarf á liðnu starfsári.

Guðmundur Jóhannsson



Sellátravirkjun.



# HELSTU FRAMKVÆMDIR ÁRSINS 2008

## Rafveitusvið

### Háspennulínur og strengir:

Plægður var 19 kV háspennustrengur frá Hátungum á Steingrímsfjarðarheiði og niður í Ísafjarðardjúp að Nauteyri. Strengur þessi var spennusettur á haustdögum og var um merkan áfanga að ræða því þar með var rofin sú einangrun sem verið hafði í Djúpi og tenging þess við landskerfið orðin að veruleika. 12 kV dreifikerfi var endurnýjað með jarðstreng frá Nauteyri að Hvannadalsá og einnig var endurnýjað í Heydal. Jarðstrengir voru lagðir í tengslum við nýja vegi í Ísafjarðardjúpi, bæði í Reykjafirði og í Mjóafirði. Þorpalína í Steingrímsfirði endurnýjuð að hluta með jarðstreng. Háspennulína í Arnardal var endurnýjuð með jarðstreng og nýir notendur tengdir. Jarðstrengur upp á Arnarnes var endurnýjaður. Reykhólalína var endurnýjuð með jarðstreng frá Hríshól að Hyrningstöðum fyrir botni Berufjarðar. Plægður var jarðstrengur frá Skáldstöðum að Bjarkarlundi. Nokkrar breytingar voru gerðar á háspennudreifikerfi í botni Hrútafjarðar. Bæði var um að ræða flutning á línu, og um leið notendum, frá Rarik til Orkubús sem og breytingar vegna vegagerðar. Óvenju mikið var um nýjar heimtaugar á árinu, bæði hefðbundnar sumarhúsatengingar og lengri strenglagningar til endurvarpsstöðva fjarskiptafyrirtækja.

### Aðveitustöðvar og fjargæslukerfi:

Lokið var við að koma á gagnasambandi við Blævardalsvirkjun og mælingar frá virkjuninni settar upp í fjargæslukerfi. Einnig var loftnetssamband við aðveitustöðina í Breiðadal lagt niður og tryggara sambandi komið á. Í aðveitustöðinni á Bíldudal var settur upp nýr tappastillir og í aðveitustöðinni á Ísafirði var 6 kV kerfið aftengt og 5 MVA millispennir fluttur niður að orkustöð OV við Mjósund.

### Innanbæjarkerfi og fasteignir:

Lagnir og götulýsing voru endurnýjaðar í hluta Aðalstrætis á Ísafirði og lokið við spennuhækkun í 11 kV frá spennistöð Aðalstræti.

Lagðir voru háspennustrengir, settar upp spennistöðvar og tengdar vinnuheimtaugar vegna framkvæmda við Óshlíðargöng, bæði í Hnífsdal og Bolungarvík. Unnið var við nýtt rofahús á Reykhólum.

## Orkusvið

### Kyndistöðvar:

Rafskautsketill í kyndistöðinni á Skeiði Ísafirði endurnýjaður með nýjum 1,2 MW túpukatli.

### Jarðhitasvæði:

Boruð vinnsluhola í Tungudal í Skutulsfirði og lauk borverki án árangurs. Holan var stefnuboruð, beygt á 350 metra dýpi 35° frá lóðlínu, lengd fóðringar 833 metrar og heildarlengd holu 1.618 metrar.

### Virkjanir:

Lokið við útboðsgögn vegna stækkunar Mjólkárvirkjunar og auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

### Annað:

Áframhaldandi þróun á tölvukerfum og endurnýjun á 3 bílum. Fimm snjósleðar og eitt sexhjól var keypt. Þá var keypt ein rafmagnsbifreið.




Blævardalsárvirkjun



Reykhólasveit

# HELSTU FRAMKVÆMDIR ÁRSINS 2009

## Rafveitusvið

### Háspennulínur og strengir:

Þingeyrarbæjarlína, aðveitustöð Skeiði - Þingeyri, 5 km, verður endurnýjuð með jarðstreng. Byrjað verður á endurnýjun Barðastrandalínu með jarðstrengslagningu í Patreksfirði. Unnið verður að öðrum áfanga í spennuhækkun Bíldudalslínu í sumar. Sæstrengur verður lagður yfir Steingrímsfjörð á svipuðum stað og gamli strengurinn var. Lokið verður við strenglagningu í Mjóafirði, jarðstrengur settur í nýja brú og sæstrengur aflagður. Unnið verður að frágangi vegna Djúptengingar, tengdur nýr millispennir Nauteyri og nýir jarðstrengir teknir í notkun. Áfram verður unnið að endurnýjun spennistöðva í sveitum. Unnið verður að lagningu 11kV strengs milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur í samvinnu við Landsnet sem mun leggja nýjan háspennustreng sömu leið. Þessi vinna mun þó að stærstum hluta vera unnin árið 2010.

### Aðveitustöðvar og fjargæslukerfi:

Nýjar útstöðvar verða settar upp í spennistöðvunum á Nauteyri og í Hafnargötu Bolungarvík. Haldið verður áfram með stýringar í Blævardalsárvirkjun og í spennistöðvunum við Kópnesbraut og við sundlaugina á Hólmavík. Þá verða settir upp nýir mismunastraumsliðar í aðveitustöðvum í Breiðadal og í Bolungarvík.

### Innanbæjarkerfi og fasteignir:

Dreifikerfi lágspennu í Smiðjugötu og Þvergötu á Ísafirði verður endurnýjað.

Settur verður upp 400 V spennir í spennistöð Túngötu og haldið áfram með 400 V breytingu á dreifikerfi stöðvarinnar.

Unnið verður að endurbótum á þaki rafstöðvar við Eyrargötu á Patreksfirði og aðveitustöð Bíldudal. Ný spennistöð kemur við Bröttugötu, Hólmavík. Spennistöðvar verða endurnýjaðar við skóla og í Lækjargötu, Tálknafirði.

## Orkusvið

### Dreifikerfi hitaveitna:

Dreifikerfið á Reykhólum bætt með því að leggja tengilögn milli dreifikerfa efra og neðra jarðhitasvæðis. Stækkað á Patreksfirði um 6 - 8 hús.

### Kyndistöðvar og jarðhitasvæði:

Orkustöð Ísafirði gerð fjarstýranleg. Rafskautsketill í kyndistöðinni á Flateyri endurnýjaður með nýjum 1,2 MW túpukatli. Endurnýja dælubúnað og koma fyrir í nýrri dælustöð við Álftarland á Reykhólum.

### Virkjanir:

Ljúka vali á framleiðanda og gera samning um kaup á nýjum vélum í núverandi stöðvarhús og hugsanlega tveimur viðbótarvélum í Mjólká. Valið stendur á milli að stækka úr 8,1 MW eins og virkjunin er í dag í annarsvegar 10 MW eða tæp 14 MW. Verklegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á árunum 2010 og 2011.

### Annað:

Unnið verður að endurnýjun neðri hæðar höfuðstöðva Orkubúsins að Stakkanesi 1. Skipt verður út öllum netþjónum tölvukerfis Orkubúsins.



Seltuútslættir 2006



Plæging á Steingrímsfjarðarheiði



# *ÍBÚAFJÖLDI Á ORKUVEITUSVÆÐI ORKUBÚS VESTFJARÐA*

| | Íbúatala 1.12.2008 | Breyting frá 1.12.2007 | Íbúatala 1.12.2007 | Breyting frá 1.12.2006 |
|---|---|---|---|---|
| **Svæði I:** | | | | |
| Bolungarvík | 962 | 58 | 904 | -1 |
| Ísafjarðarbær | 3.968 | 5 | 3.963 | -135 |
| Súðavíkurhreppur | 215 | 1 | 214 | -15 |
| **Samtals svæði I** | 5.145 | 64 | 5.081 | -151 |
| **Svæði II:** | | | | |
| Tálknafjarðarhreppur | 302 | 12 | 290 | -2 |
| Vesturbyggð | 901 | -19 | 920 | -17 |
| **Samtals svæði II** | 1.203 | -7 | 1.210 | -19 |
| **Svæði III:** | | | | |
| Árneshreppur | 49 | 1 | 48 | -2 |
| Bæjarhreppur | 98 | -4 | 102 | 2 |
| Kaldrananeshreppur | 110 | 8 | 102 | 1 |
| Reykhólahreppur | 279 | 13 | 266 | 15 |
| Strandabyggð | 490 | -10 | 500 | 7 |
| **Samtals svæði III** | 1.026 | 8 | 1.018 | 9 |
| **Vestfirðir samtals** | **7.374** | **65** | **7.309** | **-161** |

Orkunotkun pr. íbúa 1978-2008





Ísing á Þverfjalli

# ÁRSREIKNINGUR 2008

ORKUBÚ VESTFJARÐA ohf



Mjóifjörður

## EFNISYFIRLIT


| | |
|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar og orkubússtjóra | 11 |
| Áritun endurskoðenda . . . . . . . . . . . . . . . . | 12 |
| Rekstrarreikningur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 13 |
| Efnahagsreikningur. . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 14-15 |
| Sjóðstreymi. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 16 |
| Skýringar og sundurliðanir . . . . . . . . . . . . . | 17-24 |
| Rekstrar- og efnahagsstærðir. . . . . . . . . . . | 25 |

# *SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG ORKUBÚSSTJÓRA*

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða ohf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Að öðru leyti er fylgt í öllum meginatriðum sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Á árinu 2008 varð hagnaður af rekstri Orkubús Vestfjarða ohf. sem nam 57,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2008 voru alls 5.125 millj. kr. og heildarskuldir alls 672 millj. kr. Eigið fé nam því alls 4.452 millj. kr. sem er um 86,9 % af heildarfjármagni. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. hafa ekki verið endurmetnar.

Eigandi Orkubús Vestfjarða ohf. er Ríkissjóður Íslands.

Á árinu réðst fyrirtækið í áhættuverkefni sem var borun jarðhitaholu í Tungudal við Skutulsfjörð. Árangur af boruninni varð enginn. Borverkið kostaði um 180 Mkr. og veitti Orkusjóður lán til verksins að upphæð 102 Mkr. Lán þetta er heimilt að fella niður verði ekki árangur af boruninni. Óskað var eftir niðurfellingu lánsins í lok s.l. árs en Orkusjóður hefur ekki enn afgreitt þá ósk. Á grundvelli forsögu málsins og fyrirliggjandi gagna er gert ráð fyrir að lánið verði að fullu fellt niður og tekur framsetning þessa ársreiknings mið af því.

Stjórn og orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða ohf. staðfesta hér með ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2008.

Ísafirði, 13. maí 2009

Guðmundur Jóhannsson
stjórnarformaður

Þorsteinn Jóhannesson | Kolbrún Sverrisdóttir

Grímur Atlason | Eyrún I. Sigþórsdóttir

Kristján Haraldsson
orkubússtjóri

# *ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA*

**Til stjórnar og hluthafa í Orkubúi Vestfjarða ohf.**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkubús Vestfjarða ohf. fyrir árið 2008 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Ástæður fyrir áritun með fyrirvara**
Félagið fékk lán frá Orkusjóði Orkustofnunar á árinu 2008 alls að fjárhæð 102 milljónir vegna borverkefnis í Tungudal við Skutulsfjörð. Heimildarákvæði er í lögum um Orkustofnun til handa ráðherra að fella niður slíkar skuldbindingar. Skrifleg heimild frá ráðherra um niðurfellingu lánsins að fjárhæð 102 milljónir liggur ekki fyrir við samþykkt ársreikningsins. Í ársreikningnum er lánið meðhöndlað sem styrkur á móti kostnaði við borverkefnið og því engin skuldbinding uppfærð í efnahagsreikningi vegna þessa.

**Álit með fyrirvara**
Það er álit okkar, ef frá eru talin áhrif þeirra atriða sem nefnd eru í kaflanum um ástæður fyrir áritun með fyrirvara, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2008, efnahag þess 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 13. maí 2009.

**Deloitte hf.**

Sigurður Páll Hauksson
endurskoðandi

# *REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2008*

| | Skýr. | 2008<br>þús. kr. | 2007<br>þús. kr. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | |
| Raforkusala | 15 | 976.182 | 868.603 |
| Sala á heitu vatni | 16 | 395.928 | 358.009 |
| Tengigjöld | 2 | 74.495 | 18.369 |
| Aðrar tekjur | 17 | 101.067 | 70.178 |
| | | 1.547.672 | 1.315.159 |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Rekstur raforkukerfis: | | | |
| Orkuver | 18 | 159.856 | 154.558 |
| Raforkukaup | 19 | 398.969 | 375.950 |
| Raforkuflutningur | 20 | 34.819 | 42.946 |
| Aðveitu- og dreifikerfi | 21 | 149.006 | 138.224 |
| | | 742.650 | 711.678 |
| Rekstur hitaveitukerfis: | | | |
| Raforkukaup | | 82.497 | 73.396 |
| Kyndistöðvar | | 161.013 | 67.701 |
| Dreifikerfi | | 19.883 | 28.303 |
| | | 263.393 | 169.400 |
| Sameiginlegur rekstrarkostnaður | 2, 25 | 279.988 | 229.609 |
| | | 1.286.031 | 1.110.687 |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti | | 261.641 | 204.472 |
| Afskriftir | 3, 4 | 201.956 | 200.827 |
| Hagnaður án fjármunatekna og (fjármagnsgjalda) | | 59.685 | 3.645 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 51.326 | 42.121 |
| Vaxtagjöld | | ( 2.314 ) | ( 609 ) |
| | | 49.012 | 41.512 |
| Hagnaður fyrir skatta | | 108.697 | 45.157 |
| Tekjuskattur | 11 | ( 50.910 ) | ( 8.100 ) |
| **Hagnaður** | | 57.787 | 37.057 |

# EFNAHAGSREIKNINGUR

## Eignir

| | Skýr. | 2008<br>þús. kr. | 2007<br>þús. kr. |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Óefnislegar eignir: | | | |
| Virkjanaframkvæmdir | 3 | 32.016 | 42.003 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 4 | | |
| Raforkukerfi | | 2.781.749 | 2.538.802 |
| Hitaveitukerfi | | 373.675 | 380.436 |
| Aðrir rekstrarfjármunir | | 736.135 | 750.721 |
| | | 3.891.559 | 3.669.959 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Hlutabréf | 8 | 360.412 | 360.641 |
| Reiknuð tekjuskattsinneign | 11 | 156.819 | 207.729 |
| | | 517.231 | 568.370 |
| **Fastafjármunir** | | 4.440.806 | 4.280.332 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Vörubirgðir | 2 | 142.612 | 95.588 |
| Skammtímakröfur: | 2 | | |
| Útistandandi orkureikningar | 22 | 200.399 | 158.520 |
| Aðrar skammtímakröfur | 23 | 304.741 | 254.282 |
| Handbært fé | | 36.132 | 165.997 |
| **Veltufjármunir** | | 683.884 | 674.387 |
| **Eignir samtals** | | 5.124.690 | 4.954.719 |

# 31. DESEMBER 2008

## Skuldir og eigið fé

| **Eigið fé:** | Skýr. | **2008**<br>þús. kr. | **2007**<br>þús. kr. |
|---|---|---|---|
| Eigið fé | 9 | 4.452.330 | 4.409.413 |
| **Skuldbindingar:** | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 10 | 460.140 | 394.076 |
| | | 460.140 | 394.076 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 24 | 212.220 | 151.230 |
| | | 212.220 | 151.230 |
| **Skuldir samtals** | | 672.360 | 545.306 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 5.124.690 | 4.954.719 |
| **Aðrar skuldbindingar:** | 12 | | |

# *SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2008*

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| **Handbært fé frá rekstri:** | þús. kr. | þús. kr. |
| Hagnaður skv. rekstrarreikningi | 57.787 | 37.057 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | |
| Sölutap (hagnaður) eigna og töpuð hlutabréf | 320 | ( 1.659 ) |
| Afskriftir | 201.956 | 200.827 |
| Tekjuskattur | 50.910 | 8.100 |
| Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar | 51.193 | 33.366 |
| **Veltufé frá rekstri** | 362.166 | 277.691 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | |
| Birgðir, lækkun (hækkun) | ( 47.024 ) | ( 7.483 ) |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | ( 92.338 ) | 72.756 |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | 61.807 | 1.201 |
| **Breytingar alls** | ( 77.555 ) | 66.474 |
| **Handbært fé frá rekstri** | 284.611 | 344.165 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | 0 | ( 5.572 ) |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum: | | |
| Raforkukerfi | ( 353.529 ) | ( 78.111 ) |
| Hitaveitukerfi | ( 19.216 ) | ( 14.206 ) |
| Aðrir rekstrarfjármunir | ( 41.116 ) | ( 87.920 ) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | 201 | 3.293 |
| Keypt hlutabréf | 0 | ( 943 ) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | ( 413.660 ) | ( 183.459 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | |
| Skammtímaskuldir vegna fjárfestingar | ( 817 ) | ( 6.709 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | ( 817 ) | ( 6.709 ) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | ( 129.866 ) | 153.997 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 165.997 | 12.000 |
| **Handbært fé í árslok** | 36.132 | 165.997 |

# SKÝRINGAR

**1. Starfsemi**

Orkubú Vestfjarða ohf. er framleiðslufyrirtæki sem sérhæfir sig í að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjunum til raforkuflutnings og raforkudreifingar, jarðvarmavirki og fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi, stunda virkjunar-rannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir svo og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur. Félaginu er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

**2. Reikningsskilaaðferðir**

**Grundvöllur reikningsskilanna**

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða ohf. er gerður í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð. Að öðru leyti er fylgt í öllum meginatriðum sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Í ársreikningnum eru birtar samanburðarfjárhæðir úr ársreikningi fyrra reikningsárs.

**Mat og ákvarðanir**

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

**Skráning tekna**

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda. Vörusalan er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Tengigjöld notenda námu alls 74,5 millj. kr. á árinu 2008. Með tilliti til þess að tengigjöld eru einungis 4,8% af rekstrartekjum eru þau tekjufærð að fullu í rekstrarreikningi ársins.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

**Erlendir gjaldmiðlar og verðbætur**

Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við þær vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2009 og eru verðbætur færðar í rekstrarreikning. Peningalegar eignir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í lok ársins og er gengismunur færður yfir rekstrarreikning.

**Fjármagnskostnaður**

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

**Skattamál**

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 15%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinneign er færð vegna tímamismunar ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

**Varanlegir rekstrarfjármunir**

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

**Óefnislegar eignir**

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna er kostnaður vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda. Eignir þessar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning.

**Birgðir**

Rekstrarvörubirgðir eru metnar við síðasta innkaupsverði.

**Verðbréf**

Verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

**Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Niðurfærslu krafna er ætlað að mæta þeirri áhættu sem fylgir kröfum Orkubúsins á aðra aðila. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Breyting niðurfærslunnar á árinu sundurliðast þannig í þús. kr.:

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Ársbyrjun | 37.110 | 39.026 |
| Afskrifað á árinu | ( 23.304 ) | ( 7.237) |
| | 13.806 | 31.789 |
| Niðurfærsla ársins | 1.927 | 5.321 |
| Árslok | 15.733 | 37.110 |

Heildarniðurfærsla í árslok er dregin frá viðkomandi efnahagsliðum í efnahagsreikningi, en breyting hennar á árinu er færð í rekstrarreikning.

**Viðskiptaskuldir**

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

**Handbært fé**
Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Skuldbindingar**
Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## Óefnislegar eignir

**3.** Óefnislegar eignir og afskriftir greinast þannig í þús. kr.:

| **Virkjanaframkvæmdir:** | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Heildarverð 1.1. 2008 | 104.587 | 99.015 |
| Afskrifað áður | ( 62.584) | ( 53.726) |
| Bókfært verð 1.1. 2008 | 42.003 | 45.289 |
| Viðbót á árinu | 0 | 5.572 |
| Afskrifað á árinu | ( 9.987) | ( 8.858) |
| Bókfært verð 31.12. 2008 | 32.016 | 42.003 |
| Afskriftarhlutfall | 10,0% | 10,0% |

Rannsóknarkostnaður vegna virkjanaframkvæmda á árinu 2008 er að fullu gjaldfærður á árinu.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

**4.** Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í þús. kr.:

**Raforkukerfi:**

| | **Orkuver** | **Veitukerfi** | **Samtals** |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1. 2008 | 3.083.164 | 3.542.435 | 6.625.599 |
| Afskrifað áður | ( 1.699.376) | ( 2.387.421 ) | ( 4.086.797 ) |
| Bókfært verð 1.1. 2008 | 1.383.788 | 1.155.014 | 2.538.802 |
| Viðbót á árinu | 16.747 | 336.781 | 353.528 |
| Afskrifað á árinu | ( 45.773) | ( 64.808 ) | ( 110.581 ) |
| Bókfært verð 31.12. 2008 | 1.354.762 | 1.426.987 | 2.781.749 |
| Afskriftarhlutföll | 1,67-5,0% | 3,3-4,0% | |

**Hitaveitukerfi:**

| | **Borholur og kyndistöðvar** | **Dreifikerfi** | **Samtals** |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1. 2008 | 447.350 | 1.069.396 | 1.516.746 |
| Afskrifað áður | ( 346.293) | ( 790.017 ) | ( 1.136.310 ) |
| Bókfært verð 1.1. 2008 | 101.057 | 279.379 | 380.436 |
| Viðbót á árinu | 6.284 | 12.931 | 19.215 |
| Afskrifað á árinu | ( 6.946) | ( 19.030 ) | ( 25.976 ) |
| Bókfært verð 31.12. 2008 | 100.395 | 273.280 | 373.675 |
| Afskriftarhlutföll | 5,0-10,0% | 4,0% | |

**Aðrir rekstrarfjármunir:**

| | **Fasteignir** | **Bifreiðir, áhöld og annar búnaður** | **Samtals** |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1. 2008 | 1.057.437 | 347.737 | 1.405.174 |
| Afskrifað áður | ( 412.324) | ( 242.128 ) | ( 654.452 ) |
| Bókfært verð 1.1. 2008 | 645.113 | 105.608 | 750.721 |
| Viðbót á árinu | 13.579 | 27.537 | 41.116 |
| Selt á árinu | | ( 292 ) | ( 292 ) |
| Afskrifað á árinu | ( 21.239) | ( 34.171 ) | ( 55.410 ) |
| Bókfært verð 31.12. 2008 | 637.453 | 98.682 | 736.135 |
| Afskriftarhlutföll | 2,0% | 20,0% | |

